

EFTIRLITSSKÝRSLA

GMR Endurvinnslan ehf Hvalfjörður



| | | | |
|----------------------------|--------------------------------|--------------------------------|--------------------|
| Dags eftirlits | 17.11.2016 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Halla Einarsdóttir |
| Fyrirtæki | GMR Endurvinnslan ehf | Eftirlitsmaður | Einar Halldórsson |
| Heimili | Tangavegi 7 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 5406101930 | Flokkur | Verksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Daði Jóhannesson | ÍSAT nr. | |
| Fulltrúi fyrirtækis | Lára Eggertsd. / Guðjón Jónss. | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram eitt nýtt frávik er varðar geymslu framleiðsluúrgangs og varnir gegn efnaleka frá honum í frárennsli/jarðveg. Auk þess voru gerðar þrjár athugasemdir við starfsemina er varða uppfærslu á vöktunarkerfi og hávaða og reykmenngun í vinnslusal.

Þá hefur úrbótum vegna eldri útstandandi frávíka seinkað en fjallað verður um þau í sér bréfum í tengslum við eftirfylgni þeirra mála.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var farið yfir eftirfarandi atriði:

Umfang eftirlitsins verður eftirfarandi:

- Eftirfylgni frávíka.
 - Uppsetning reyktjalda.
 - Ráðstöfun framleiðsluúrgangs.
 - Framkvæmdir við malbikun og afgirðingu lóðar.
- Frárennsli frá verksmiðjunni – yfirferð teikninga.
- Umhverfisvöktunarmælingar – jarðvegsmælingar .
- Útblástursmælingar .
- Skráningar skv. grein 3.2 í starfsleyfi.
- Geymsla hráefnis utan lóðar .
- Skoðunarferð.

1.

a) Tafir hafa orðið á úrbótum vegna frávík um ófullnægjandi afsog frá vinnslusal verksmiðjunnar. Búið er að fjárfesta í reyktjöldum en unnið er að smíði uppsetningarbúnaðar reyktjaldanna. Gert er ráð fyrir að búið verði að setja upp reyktjöldin í lok árs 2016.

b) Framleiðsluúrgangur er kældur í krókheysisgámum og svo fluttur til urðunar í Sorpu Álfsnesi. Síuryk er geymt í sekkjum í hálfgámum á lóð. Samkvæmt úrbótaáætlun er fyrirhugað að flytja það til móttökuaðila í Noregi og gert ráð fyrir að það taki um 12 mánuði að ljúka því. Þegar eftirlitið fór fram var búið að flytja út tvo gáma af síurykinu en Efnarás sér um útflutninginn og öflun viðeigandi útflutningsleyfa fyrir síurykið. Rekstraraðili er jafnframt að skoða endurvinnsluleiðir fyrir það. Rætt var um geymslu framleiðsluúrgangsins, bæði síuryksins og annars framleiðsluúrgangs á meðan beðið er flutnings, þ.e. að efnid væri nægilega varið fyrir regni og þar með efnaleka í jarðveg.

c) Tafir hafa einnig orðið á frágangi lóðar en undirbúningur fyrir malbikun er lokið. Rekstraraðili kynnti fyrir eftirlitsmönnum áætlun um malbikun lóðar, en áætlað er að malbika lóðina í áföngum, byrja austan við verksmiðjuna og færa framleiðsluna og framleiðsluúrganginn inn á það. Gert er ráð fyrir að farið verði í þessar framkvæmdir í janúar og restina af lóðinni næsta sumar. Búið er að fjárfesta í girðingu umhverfis verksmiðjuna og gert ráð fyrir að farið verði að setja hana upp um leið og búið er að malbika lóðina.

2. Eftirlitsmönnum voru sýndar teikningar af lóðinni og frárennislögnum. Búið er að leggja frárennislagnir sem svo tengjast olíuskilju og fer þaðan í almenningsfráveituna á svæðinu. Þeim er ætlað að fanga allt regnvatn sem lendir á lóðinni en yfirborðsfrágangi er ekki lokið sbr. umfjöllun í lið 1.c. Kælivatn er endurnýtt í verksmiðjunni og er ekki losað í fráveitu en þó er yfirfall ef óhapp kemur upp þannig að í þeim tilvikum færi vatnið í fráveitulagnirnar.

3. Þá var rætt um endurskoðun umhverfisvöktunaráætlunar fyrir iðjuverin á Grundartanga. Rætt var

sérstaklega um jarðvegsmælingar sem fyrirhugaðar voru daginn eftir að eftirlitið fór fram og þær efnagreiningar sem stofnunin gerir kröfu um að verði gerðar á sýnunum. Rekstraraðili óskaði eftir frekari rökstuðningi fyrir kröfum Umhverfisstofnunar á efnagreiningum þungmálma og sýrustigs í jarðvegi sem voru sendar rekstraraðila í tölvupósti 9. nóvember sl.

4. Útblástursmælingar voru síðast gerðar í mars 2016 en nýjar mælingar voru fyrirhugaðar í vikunni eftir að eftirlitið fór fram. Jafnframt hefur Umhverfisstofnun fengið aðila til að gera mælingar á útblæstri en þær eru utan við kröfur um reglubundnar mælingar rekstraraðila skv. vöktunarkerfi og starfsleyfi. Þá lagði Umhverfisstofnun fram kröfu um að tvær mælingar í útblæstri verði gerðar árið 2017 einnig. Staðfest var í símtali eftir eftirlitið að útblástursmælingar hefðu farið fram í nóvember en niðurstöður mælinganna liggja ekki fyrir.

5. Farið var yfir skráningar skv. grein 3.2 í starfsleyfi. Handskráning er á viðhaldi og eftirliti með virkni reykheinsivirkis. Hálfsmánaðarlega er farið í reglulegt viðhald en vandkvæði hafa komið upp í rekstri virkisins vegna skotbúnaðar. Úrgangsskráningar sýna reglulegan flutning úrgangs til Sorpu. Kvittun fyrir útflutningi síuryks frá Efnarás er ekki kominn.

6. Umhverfisstofnun bærust upplýsingar um að rekstraraðili geymdi hráefni í geymslum á Akranesi. Um er að ræða kalkstein sem er íblöndunarefni í ofninn og var keypt í of miklu mæli inn í verksmiðjuna. Eigandi geymslunnar (Akraneskaupstaður) óskaði eftir álitni Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um geymslu efnisins. Í álitinu listaði heilbrigðiseftirlitið upp ráðstafanir við geymslu efnisins í geymslum. Rekstraraðili hefur nú flutt efnið í verksmiðjuhúsið á Grundartanga frá Akranesi. Rætt var um mikilvægi þess að rekstraraðili upplýsti Umhverfisstofnun um geymslu efna sem tengdust starfseminni utan lóðar.

7. Skoðunarferð. Gengið var um lóðina og hráefnisgeymslur. Enn er framleiðsluúrgangur geymdur út fyrir lóðina vestan megin við verksmiðjuna. Búið er að hreinsa mikið til af lóðinni og efni sem flokkað er frá hráefninu er flokkað í tilheyrandi gáma. Þá er mikill munur að sjá hráefni í hráefnageymslunni, ekki var sjáanlegt málað efni og mun einsleitara og rýmra er í geymslunni. Við vesturendann þar sem að lóðin er ómalbikuð var mikill aur eftir rigningatið og djúp hjólför eftir vinnuvélar. Endað var á skoðunarferð inn í verksmiðjuna þar sem að verið var að byrja ofnkeyrslu. Töluverður hávaði var frá ofninum.

Frávík frá

Grein 2.13 í starfsleyfi

Lýsing á frávíki

Huga þarf betur að geymslu framleiðsluúrgangs (síuryks og annars úrgangs) og varnir gegn því að regn falli á hann sem skili sér í menguðu frárennsli/jarðveg.

ATHUGASEMDIR

Umhverfisstofnun hefur ekki borist uppfærsla á vöktunarkerfi eftir athugasemdir sem stofnun gerði í tölvupósti 6. september sl. um að taka skuli fram að útblásturmælingar skuli gerðar 2x á ári áfram árið 2017.

Þann 3. nóvember sl. barst stofnuninni ábending um mikinn reyk sem barst frá verksmiðjuhúsi GMR. Haft var samband við rekstraraðila sem telur skýringuna hafa verið aðstæður við skúmun ofnsins (samband hita og efnasamsetningar). Farið hefur verið yfir verklag við skúmun í kjölfarið.

Þegar eftirlitið fór fram var ofnkeyrsla að hefjast. Töluverður hávaði var inn í verksmiðjunni og því er vinnueftirlitinu sent afrit af eftirlitsskýrslunni til upplýsinga.

ANNAÐ

Þann 1. desember sl. barst úrskurður Skipulagsstofnunar um að breytingar á úrgangsfæri verksmiðjunnar þ.e. ráðstöfun hans í flæðigryfjur kallaði á mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun hefur ekki borist viðbrögð rekstraraðila við þeirri ákvörðun eða hvaða leiðir rekstraraðili hyggst grípa til við ráðstöfun framleiðsluúrgangsins til

fram tíðar.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.01.2017

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir